



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
miðvikudaginn 13. janúar 2016 kl. 14.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson, Ágúst Már Gröndal og Árný Huld Haraldsdóttir. Einnig sátu fundinn Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir f.h. kennara grunnskólasviðs, Lovísa Ósk Jónsdóttir fyrir hönd foreldrafélags Reykhólaskóla og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Vilberg bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst og var samþykkt að taka það á dagskrá, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 11. nóvember 2015.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Gjaldskrár 2016.

2.1 Gjaldskrá fyrir leikskóladeild Reykhólaskóla.

Gjaldskrá hækkuð sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára. Lagfært orðalag í gjaldskránni varðandi fríar dvalarstundir fyrir fimm ára börn: Í stað greinarinnar „Fimm ára nemendur fá 4 dvalarstundir fríar á dag“ kemur „Börn á síðasta skólaári fá 4 fríar dvalarstundir á dag“. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

2.2 Gjaldskrá fyrir máltíðir í mötuneyti Reykhólahrepps.

Gjaldskráin hækkuð sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára. Bætt í gjaldskrána: Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri greiði sama gjald og kennarar og starfsfólk. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

2.3 Gjaldskrá fyrir Grettislaug.

Gjaldskráin hækkuð sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára. Gjald fyrir fullorðna, einstök skipti, hækki í kr. 550. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

2.4 Gjaldskrá fyrir tjaldsvæði á Reykhólum.

Gjaldskráin hækkuð sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára. Gjald fyrir rafmagn hækkað í 800 kr. sólarhringurinn. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

2.5 Gjaldskrá fyrir húsnæði Reykhólaskóla vegna menningarviðburða.

Gjaldskráin hækkuð sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára. Ákveðið að gjald vegna bókasafns komi fram á gjaldskránni. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

2.6 Gjaldskrá fyrir útleigu á íþróttahúsi til íþrótta-, ungmenna-, og félagsstarfs til heilsueflingar.

Gjaldskráin hækkuð sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

2.7 Gjaldskrá fyrir Héraðsbókasafn Reykhólahrepps.

Gjaldskráin hækkuð sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

3. 1601008 – Námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

2.1 Samþykkt umsókn frá lögheimilissveitarfélagi Dalabyggð, send Reykhólahreppi til afgreiðslu.

Umsókn um námsvist samþykkt samhljóða.

2.2 Ósk um skólaakstur til og frá heimili barns utan sveitarfélags, erindi dagsett 30. nóvember 2015.

Erindinu er vísað frá, málefnið fellur undir Dalabyggð. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

4. 1601010 - Skýrsla skólastjóra.

Skólastjóri fór yfir mánaðarskýrslu. Skólastjóri lagði fram rýmingaráætlun.

5. 1601009 – Læsteymi Menntamálastofnunar.

Erindi frá Menntamálastofnun dagsett 2. desember 2015.

Lagt fram.

Önnur mál (ef einhver):

1. Ársskýrsla tómstundafulltrúa.

Ársskýrsla lögð fram til kynningar.

Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 15.

_____	_____
_____	_____
_____	_____